

Umhverfisstofnun
Áb. EDK
12. ágú. 2014
8 3
Tilv. 48/2014 03 00052



Höndlun ehf – grænt bókhald 2013

Björgvin Jón Bjarnason

EFNISYFIRLIT

Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess	2
almennar upplýsingar	2
Starfsleyfi	2
Þættir sem starfsleyfið nær yfir og færa á grænt bókhald fyrir	2
staðsetning	2
Framleiðsluferli	2
Unggrisaeldi	2
Eldisgrisaeldi	2
stærð fyrirtækisins	2
takmarkandi þættir í starfsleyfi	2
umhverfisþættir í grænu bókhaldi	3
Aðkoma starfsmanna að grænu bókhaldi	3
Umhverfisstefna Höndlunar ehf.	3
Lykiltölur	3
Framsetning	3
framleitt magn	3
hráefni, hjálparefni og auðlindir	3
hráefni	3
Hjálparefni	3
auðlindir	4
Umhverfisþættir	4
mengunarpættir í framleiðsluferli og –afurðum	4
mengunarefni í frárennsli	4
mengunarefni í útblæstri, lyktarmengun	4
annar úrgangur	4
önnur mengunarefni	5
Áritun endurskoðenda	6
Yfirlýsing stjórnar Höndlunar ehf.	6



ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKIÐ OG STARFSEMI ÞESS

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Nafn:	Höndlun ehf
Heimili:	Logafold 49, Reykjavík
Starfsstöð	Svínabú Brautarholti, Kjalarnesi
Númer fyrirtækjaflokks:	6.6. (b)
Tímabil sem grænt bókhald nær yfir:	15/2-31/12 2013
Stjórn félagsins skipa:	Björgvin Jón Bjarnason
Tengiliður græns bókhalds:	Björgvin Jón Bjarnason

STARFSLEYFI

Gildistími	15.02.2103-08.11.2025
Útgáfuaðili:	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Eftirlitsaðili:	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

ÞÆTTIR SEM STARFSLEYFIÐ NÆR YFIR OG FÆRA Á GRÆNT BÓKHALD FYRIR

Þauleldi svína með fleiri en 2.000 alisvín yfir 30 kg sbr grein 6.6. í reglugerð 581/2002.

STAÐSETNING

Svínabúið er staðsett í Brautarholti á Kjalarnesi. Búið er í um 10-12 km fjarlægð frá Reykjavík, í beinni loflínu.

FRAMLEIÐSLUFERLI

Starfsemi svínabúsins felst í móttöku klimagrisa frá gyttubúi félagsins til áframeldis, allt til slátrunar. Afurðir búsins eru eldisgrísir.

Helstu þættir starfseminnar eru unggrísaeldi og eldisgrísaeldi.

UNGGRÍSAELDI

Í unggrísaeldi eru grísir aldir til 30-35 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 7 vikur.

ELDISGRÍSAELDI

Í eldisgrísaeldi eru grísir aldir allt til 110-120 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði 13-14 vikur.

STÆRÐ FYRIRTÆKISINS

Árið 2013 voru að jafnaði 2 starfsmenn við svínabú Höndlunar ehf í Brautarholti.

TAKMARKANDI ÞÆTTIR Í STARFSLEYFI

Takmarkandi ákvæði í starfsleyfi snúa að hámarksfjölda dýra á búinu, en dýr á búinu skulu vera að hámarki 4.000 hverju sinni.

Að meðaltali voru 3.838 dýr á búinu á þeim tíma ársins 2013 sem skýrslan nær til.

Ekki er um fleiri takmarkandi ákvæði í starfsleyfinu að ræða, þó þar sé að finna ýmis skilyrði vegna starfseminnar.

Þau atriði ná sérstaklega til meðferðar úrgangs.



UMHVERFISÞÆTTIR Í GRÆNU BÓKHALDI

Í starfsleyfi svinabús félagsins í Brautarholti er kveðið á um reglubundið eftirlit með þeim umhverfisþáttum sem helst eru taldir geta haft neikvæð áhrif á umhverfið. Þættirnir snúa m.a. að eftirtöldum þáttum:

- Meðferð úrgangs
- Meðferð hættulegs úrgangs

AÐKOMA STARFSMANNA AÐ GRÆNU BÓKHALDI

Framkvæmdastjóri ásamt starfsmönnum sjá um utanumhald um nauðsynlegar skráningar. Söfnun og framsetning upplýsinganna er í verkahring framkvæmdastjóra.

UMHVERFISSTEFNA HÖNDLUNAR EHF

Höndlun ehf hefur ekki markað sér formlega stefnu í umhverfismálum. Félagið hyggst uppfylla opinberar kröfur sem gerðar eru til umhverfisþátta starfseminnar, eins og þær eru hverju sinni.

LYKILTÖLUR

FRAMSETNING

Í skýrslunni er leitast við að stilla gögnum sem mest upp í töflum, til að auðvelda yfirsýn. Leitast er við að hafa töfluna stutta og hnitmiðaða þannig að hún gefi auðvelda yfirsýn.

FRAMLEITT MAGN

Dáttur	Gildi	Hámarksgildi
Meðalfjöldi á búi	3.838	4.000

HRÁEFNI, HJÁLPAEFNI OG AUÐLINDIR

HRÁEFNI

Helsta hráefni svinabúsins er fôður. Notkun fôðurs á tímabilinu sem um ræðir var eftirfarandi:

Dáttur	Gildi
Korn	2.094.818 kg
Brauðmeti	355.020 kg

HJÁLPAEFNI

Dáttur	Gildi
Maurasýra og aðrar sýrur	9.000 ltr
Bætiefni	141.907 kg
Lyf	7.100 ml

Ekki er um neina notkun bólusetningarefna að ræða í Brautarholti, þar sem dýrin koma bólusett á búið.



AUÐLINDIR

Þáttur	Gildi
Rafmagn	289.065 Kwh
Olía	400 ltr
Heitt vatn	36.700 m ³

Notkun heits vatns er áætluð út frá löngu álestrartímabili, þar sem álestrarmælir bilaði á tímabilinu sem um ræðir.

UMHVERFISÞÆTTIR

MENGUNARÞÆTTIR Í FRAMLEIÐSLUFERLI OG –AFURÐUM

Í framleiðsluferli svínabúsins er notast við maurasýru til að tryggja rétt sýrustig í fôðurbliðnum. Notkun sýruefna er takmörkuð (um 0,3% af heildarfóðurmagni í votfôðurbliðnum). Líkur á því að sýruefnin geti valdið mengun eru því takmarkaðar.

Ekki er um að ræða mengunarefni í framleiðsluvörum svínabúsins. Öll lyf hafa fyrmingartíma í skrokki dýranna og eru þeim ekki gefin nein lyf sem ekki eiga að vera að fullu horfin úr blóðrás og vefjum við slátrun.

MENGUNAREFNI Í FRÁRENNSLI

Svínamykju er safnað í flóra og dælt í hreinsivirki. Þar á sér stað aðskilnaður, þannig að þurrhluti mykjunnar er skilinn frá blauthlutunum. Blauthlutunum er safnað saman og honum dælt út í sjó samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Þurrhluta mykjunnar er safnað saman í haughús og honum dreift á tún í kringum Brautarholt, samkvæmt ákvæðum starfsleyfis.

Magn svínamykju og skipting blaut- og þurrefna á tímabilinu sem um ræðir var eftirfarandi:

Þáttur	Gildi
Heildarmagn svínamykju	6.207 tonn
Áætlað magn þurrhluti	931 tonn
Áætlað magn blauthluti	5.275 tonn

Magn þurrhluta er áætlað út frá þekktum viðmiðunargildum, vigtun fer ekki fram.

MENGUNAREFNI Í ÚTBLÆSTRI, LYKTARMENGUN

Nokkur lykt fylgir starfsemi svínabúa. Reynt er að lágmarka lyktina eins og nokkur kostur er. Loftfræst er frá öllum eldishúsum búsins.

Engar formlegar kvartanir bárust á árinu vegna lyktarmengunar. Reynt er að halda lyktarmengun í lágmarki frá öllum þáttum starfseminnar og að valda sem minnstum áhrifum í umhverfi þess. Þannig er t.d. reynt að hafa það verklag að keyra ekki mykjuhreinsivirki nema á virkum dögum, til að minnka lyktarmengun á þeim tíma sem nágrannar eru helst heima við.

ANNAR ÚRGANGUR

Annar úrgangur samanstendur af sorpi frá svínabúinu. Þessi úrgangur er sóttur af verktaka og honum komið í förgun í Sorpu. Aðallega er um að ræða umbúðir utan um fôður, lyf og rekstrarvörur.



ÖNNUR MENGUNAREFNI

Eitthvað er um notkun efna sem geta mengað umhverfi sitt í rekstri svinabúsins. Þar á meðal má telja rafhlöður, lyfjanálar og hreinsiefni.

- Rafhlöðum er safnað og þeim skilað til förgunar. Um minniháttar magn var að ræða, enda lítið um notkun tækja sem drifin eru með rafhlöðum.
- Lyfjanálum er safnað í þar til gerð ílát. Um lítið magn var að ræða.
- Um 136 kg af klórkvoðu voru keypt til búsins á tímabilinu. Efnið er notað við þrif á eldisrymum.

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Höndlunar ehf.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Höndlunar ehf fyrir árið 2013 en hún hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar, yfirlit um framleiðslu og notkun aðfanga, ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2013 og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 16. júlí 2014

Grant Thornton endurskoðun ehf.



YFIRLÝSING STJÓRNAR HÖNDLUNAR EHF

Stjórn og framkvæmdastjóri Höndlunar ehf staðfesta hér með upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu um grænt bókhald svinabús félagsins í Brautarholti.

Þeim frávikum sem fram eru talin hafa komið á því tímabili sem skýrslan nær til er lýst í henni.

Reykjavík 16. Júlí 2014

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:

